

**21. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 14.apríl 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Sigur R. Kristinsson, Steinunn Leósdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 31.03.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**2. Fundargerð Sauðanesnefndar dags.06.10.2010**

*Lögð fram til kynningar.*

**3. Fundargerð Sauðanesnefndar dags.15.03.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**4. Fundargerð atvinnu-menningar-og ferðamálanefndar dags.01.02.2011**

Lögð fram. *Fundargerðin samþykkt.*

**5. Fundargerð atvinnu-menningar-og ferðamálanefndar dags.28.03.2011**

Lögð fram. *Fundargerðin samþykkt.*

**6. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Sigurður Ragnar gerir athugasemdir við að innsend erindi frá íbúum sem stfluð eru á sveitarstjórn skuli ekki koma fyrir fund fyrr en sveitarstjóri hefur ákveðið hvernig best sé að afgreiða erindi. Það tel ég að sé sveitarstjórnar allra.

*Sveitarstjóri tók fram að edlilegt væri að kynna sér málið betur og verður þetta tekið fyrir á næsta fundi.*

**7. Bygging leiguíbúða á þórshöfn 29.03.2011**

➤ Í erindinu óskar Sigurður að eftir þeim gögnum sem lágu til grundvallar til ákvörðunar sveitarstjórnar vegna bygginga leiguíbúða á þórshöfn.

➤ **Kom Sigurður orðrétt með eftirfarandi spurningar:**

1. Var það með vilja og vitund sveitarstjórnarmanna að fundur 23.08.2010 var ekki auglýstur og þá hvers vegna? Hann var sannanlega ákveðinn 4 dögum áður samkvæmt fundargerð frá 02.09. 2010.
2. Því vék sveitarstjóri af fundi 23.08.2010?
3. Hvernig var matið á húsnæðisþörf upp á sex íbúðir unnið?
4. Liggur fyrir lögfræðialit á því hvort heimilt sé að mismuna íbúum með niðurgreiðslu leigu á almennum markaði?
5. Lá fyrir útreiknaður samانبurður á valkostum?
6. Kynnti sveitarstjórn sér leiguverð nýrra íbúða eða mögulegan byggingakostnað?
7. Hefur upphæð niðurgreiðslu verið ákveðin?
8. Í ljósi erfiðs reksturs sveitarfélagsins, telur sveitarstjórn niðurgreiðslu húsaleigu framkvæmanlega án þess að skerða þjónustu við íbúa?

*Spurningunum var svarað munnlega.*

➤ **Sigurður Ragnar bar fram eftirfarandi tillögu og orðrétta greinargerð:**

Ég legg til að samningum við V Laugaveg vegna leiguíbúða verði rift nú þegar og aðrir kostir sem samræmast betur hagsmunum íbúa Langanesbyggðar verði teknir til skoðunar.

Fimm á móti og tveir með, þar með er tillagan felld.

Greinargerð:

Í ljósi fram kominna upplýsinga varðandi málsmeðferð sveitarstjórnar Langanesbyggðar við gerð ofangreindra samninga tel ég að nokkrar greinar sveitarstjórnarlaga hafi verið brotnar, innkaupareglur Langanesbyggðar virtar að vettugi og vinnubrögð sveitarstjóra í besta falli vítaverð. Komið hefur fram að aðrir möguleikar voru til staðar því í september heimsóttu tveir húsasmiðir sveitarstjóra og lýstu yfir áhuga á að byggja íbúðir til sölu/leigu í eigin reikning, sveitarsjóði að kostnaðarlausu. Annar þeirra, Dawid Potrykus hefur síðan lagt í kostnað við arkitektavinnu og var að sækja um lóðir nú í byrjun mars þegar í ljós kom hvað sveitarfélagið hyggðist niðurgreiða leiguíbúðir V Laugavegs um háar upphæðir en þá hætti hann eðlilega við.

Ég fæ ekki séð með hvaða lagastoð sveitarfélagið gæti neitað öðrum íbúum um þáttöku í þeirra húsnæðiskostnaði að sama skapi og leigjendur umræddra íbúða koma til með að njóta.

Í umræðu um þessi mál hefur talsvert verið talað um hallarekstur á félagslegum íbúðum, rétt er að það komi fram að í síðasta ársreikningi (2009) nam hann 174 þúsund krónum.

Í útsendu dreifibréfi sveitarstjóra kemur fram að kostnaður sveitarfélagsins ef það byggði sjálft yrði 255 milljónir á 50 árum, þar gleymir hann að reikna leigutekjur á móti sem hann gerir ráð fyrir að verði 7 milljónir á ári, það gerir 350 milljónir á 50 árum sem þýðir að sveitarfélagið hefur 95 milljónir í plús til að mæta rekstrarkostnaði og leigan er þá ekki niðurgreidd af öðrum íbúum.

Ég tek undir þá ósk sveitarstjóra að sátt og samstaða geti orðið um húsnæðismál í Langanesbyggð, en til að svo megi verða tel ég nauðsynlegt að sveitarstjórn sýni núverandi íbúum virðingu og láti okkur öll sitja við sama borð þegar kemur að niðurgreiðslu með okkar eigin skattpeningum.

- Sveitarstjóri tók fram að hann harmar þennan málflutning sem átt hefur sér stað varðandi nýbyggingar á Þórshöfn þar sem verið að ýja að því að sveitarstjórnarmenn hafi ekki verið að vinna vinnuna sína með hagsmuni sveitarfélagsins í huga, hefði það verið eðlilegast að Sigurður sem sveitarstjórnarmaður hefði kynna sér staðreyndir málsins áður en hann rauk í fjölmiðla með ranghugmyndir og neikvæða umfjöllun sem ekki er sveitarfélaginu til framdráttar. Eins og Sigurður ætti að vita er búið að vera vinna í að fá fólk /fyrirtæki til að byggja hérna löngu áður en sveitarstjórn tók þá ákvörðun 14. janúar 2010 að fella niður gatnagerðargjöld .
- Í skýrslu sveitarstjóra á fundi 14. janúar 2010 fór hann yfir að hann hafi á talað við Íbúðarlánasjóð um leiguíbúðir og til að útskýra fyrir þeim þörfina á leiguíbúðum.
  - Í skýrslu sveitarstjóra á fundi 18.febrúar 2010 fór sveitarstjóri yfir að tvö fyrirtæki hafi haft samband við hann vegna nýbygginga (SRK var ekki á fundinum) .
  - Í skýrslu sveitarstjóra á fundi 18.mars 2010 segir sveitarstjóri frá því að aðilar frá Akureyri séu spenntir að koma og skoða aðstæður vegna bygginga á Þórshöfn og komu þeir að skoða (SRK var á fundinum).

- d. Í skýrslu sveitarstjóra á fundi 15.apríl 2010 skýrði sveitarstjóri frá því að tveir smiðir hafi komið til að skoða hér aðstöðu til bygginga á leiguhúsnæði (SRK var á fundinum).
- e. Í Skýrslu sveitarstjóra 10.06.2010 skýrði sveitarstjóri frá því að hann hafi átt fund á Akureyri með þeim sömu og rætt er um í skýrslu 18.mars.2010. (SRK var á fundinum).
- f. Eftir nokkrar viðræður við V Laugarveg í síma sendu þeir í tölvupósti 30.04.2010 teikningu af íbúðum og vildu vita hvort að þetta væri eitthvað sem kæmi til greina að vinna áfram með. Var þetta sýnt á fundi sveitarstjórnar 05.maí.2010 ekkert bókað frekar en áður og sveitarstjóri hélt áfram að vinna í málinu (SRK var á fundinum).
- g. Í tölvupósti þann 11.maí.2010 frá V Laugarvegur var sveitarstjóri beðinn að gefa upp þau gjöld sem myndu snúa að sveitarfélaginu varðandi nýbyggingar ásamt því að fá heimamann til að finna verð í aðra hluti en allan tíman voru sveitarstjórarmenn uppfærðir reglulega hver staðan var (vinna sveitarstjóra).
- h. Í tölvupósti þann 18 júní 2010 fékk sveitarstjóri tölvupóst frá V Laugarvegi þar sem er verið er verið að biðja um tilboð frá heimamönnum í nokkra hluti (vinna sveitarstjóra).
- i. Í tölvupósti 5. júlí 2010 kemur tölvupóstur frá V Laugarvegur drög að hugsanlegri byggingu, sýnt á sveitarstjórnarfundi 14. júlí 2010, ekkert fært til bókuunar og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.
- j. Á fundi sveitarstjórnar þann 19.ágúst 2010 lá fyrir að V Laugavegur væri til í að byggja leiguíbúðir á Þórshöfn ef sveitarfélagið myndi leigja af þeim fermetraverði á kr. 1.500 m<sup>2</sup> og þá hvort við vildum láta byggja 3 íbúðir eða 6 íbúðir og samþykktu allir sveitarstjórarmenn að láta byggja 6 íbúðir. Sveitarstjóri lagði fram útreikninga um hvernig það mundi koma út (SRK ekki á fundinum).
- k. Í framhaldi af því óskaði V Laugavegur að til að hægt yrði að halda áfram yrði sveitarfélagið að gefa út yfirlýsingu að það myndi leigja af V Laugarvegi í 10 ár á kr. 1.500m<sup>2</sup> (SRK ekki á fundinum).
- l. Á aukafundi sem haldinn var 23.ágúst 2010 og samþykktur af öllum sveitarstjórarmönnum, var sú yfirlýsing gerð og samþykkt samhljóða að sveitarstjóri ynni áfram í málinu. (SRK var ekki á fundinum).
- m. Á fundi sveitarstjórnar 11. jan. 2011 lágu fyrir 6 leigusamningar á milli Langanesbyggðar og V Laugarvegur og samþykkt var samhljóða að sveitarstjóri undirritaði samningana. (SRK var ekki á fundinum).

Í öllu þessu ferli hafa allir sveitarstjórarmenn verið meðvitaðir um framgang mála og verið stoltir af því að hér vilji koma fyrirtæki til að fjárfesta hjá okkur. Tekið skal skýrt fram, að við alla þessa vinnu hafa sveitarstjórarmenn unnið að heilindum og með velferð Langanesbyggðar í fyrirrúmi.

Samþykkt að halda íbúafund laugardaginn 7. maí 2011 kl. 14:00

#### 8. Erindi frá Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttir dags. 08.04.2011

Í bréfinu er verið að benda á þörfina fyrir úræði varðandi daggæslu ungra barna og hvort Langanesbyggð ætli að koma að því að hvetja dagforeldra til starfa með fjárstyrk eða aðstöðu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við þekkingarnet Þingeyinga um að gera könnun meðal foreldra ungra barna í Langanesbyggð um varðandi þörf í dagvistunarmálum og koma með tillögum um úrbætur.

Samþykkt samhljóða.

9. **Bréf frá Vopnafjarðarhreppi dags. 25.03.2011**

Í bréfi Vopnafjarðar er verið að ræða um flug til Vopnafjarðar og Þórshafnar þar sem þjónustusamningur ríkisins við Flugfélag Íslands um flug á flugleiðinni Akureyri-Vopnafjörður - Þórshöfn rennur út um næstkomandi áramót. Norðlandair yfirtók þennan samning þegar þeir tóku við flugleiðinni af Flugfélagi Íslands. Samningur þessi er alger forsenda fyrir því að unnt sé að halda úti flugi á þessari flugleið. En sem kunnugt er þá er flogið alla virka daga vikunnar á þessari leið.

Fundurinn ályktaði eftirfarandi:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill vekja athygli samgönguyfirvalda á mikilvægi þess að þjónustusamningur milli Vegagerðarinnar og Norðlandair verði framlengdur og til þess verði séð að flugdögum á flugleiðinni Akureyri-Vopnafjörður-Þórshöfn verði ekki fækkað frá því sem nú er. Verði talið nauðsynlegt að bjóða þjónustusamninginn út verði gert ráð fyrir því að flugdagar verði ekki færri en 5 í viku hverri.

Hér er um mjög brýnt hagsmunamál sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps að ræða, þar sem þetta eru einu almenningsamgöngur til og frá þessum stöðum.”

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplestin og samþykkt fundi slitið kl.20:24